



## Umsögn frá Rannsóknasetri í fötlunarfræðum

### Þingskjal 295—257. mál

#### Frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu

Í upphafi viljum við taka fram að umsögn okkar byggir á áralangri reynslu af vinnu innan þjónustukerfis fatlaðs fólks og rannsóknavinnu sem beinst hefur að börnum og fullorðnu fólki hér á landi. Í umsögninni byggjum við jafnframt á alþjóðlegum rannsóknum eftir því sem við á. Aftan við umsögnina er listi yfir nokkrar af þeim heimildum sem umsögnin byggir á.

Við viljum jafnframt vekja athygli á að ekki var haft samráð við okkur í fötlunarfræðum við HÍ eða leitað eftir álitum okkar um þær stórvægilegu breytingar sem felast í frumvarpi til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu. Við teljum, eins og fram kemur í umsögn þessari, að við búum yfir þekkingu sem mikilvægt er að nýta við svo viðamiklar breytingar sem hér eru boðaðar.

#### Almennt

Við erum sammála því að mikilvægt er að huga að leiðum til að gera þjónustu við fatlað fólk heildstæðari og aðgengilegri enda sýna rannsóknir að notendur upplifa oft að þjónustan sé brotakennd, upplýsingar liggja ekki á lausu og að fatlað fólk þurfi að leita til fjölmargra ólíkra aðila sem hafa lítið samstarf sín á milli. Þetta kemur ítrekað fram í rannsóknum og könnunum sem gerðar hafa verið hér á landi og á bæði við um þjónustu við fötluð börn og fullorðið fólk. Almennt fögnum við því allri viðleitni til að gera þjónustuna heildstæðari. Þar má sérstaklega nefna þjónustu við fólk með einhverfu, þroskahömlun og meðfædda alvarlega hreyfihömlun sem er 18 ára og eldra og sem hefur fengið þjónustu hjá ýmsum aðilum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir sameiningu þriggja stofnana, Greiningar- og ráðgjafarstöðvar, Heyrnar- og talmeina- og þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, auk TMF Tölvumiðstöðvar. Markmið sameiningarinnar er að bæta aðgang notenda að heildstæðri þjónustu með því að samræma hana og samþætta, og auka með því gæði hennar og skilvirni. Eftir lestur frumvarpsins og fylgigagna teljum við hins vegar að ekki hafi verið færð fagleg rök fyrir gagnsemi sameiningarinnar eins og henni er lýst og að ekki sé tímabært að ráðast í hana að svo stöddu.

Við viljum ekki gera lítið úr þeirri vinnu sem unnin var af Ríkisendurskoðun og verkefnisstjórn við undirbúning frumvarpsins. Hins vegar hljótum við að benda á að af frumvarpsdrögum og athugasemdum sem þeim fylgja er ekki að sjá að unnin hafi verið nægilega ítarleg fagleg þarfagreining á ávinningi sameiningar fyrir fatlað fólk á öllum aldri. Stofnanirnar sem um ræðir mjög ólíkar, viðfangsefni þeirra eru ólík og snertifletirnir virðast fáir enda eru flestir skjólstæðingar Heyrnar- og talmeinstöðvarinnar og Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvarinnar fullorðnir og aldraðir en Greiningar- og ráðgjafarstöðin sinnir börnum að 18 ára aldri.

Það er einnig galli að ekki er í frumvarpinu skilgreint hvaða þjónustu á að bæta eða hvernig. Hér er því um óljósa og almenna yfirlýsingu að ræða sem þyrfti að útfæra mun nánar. Í 1. grein frumvarpsins kemur fram að stofnunin muni annast „ráðgjöf, greiningu, meðferð, hæfingu og endurhæfingu á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu“. Í dag er staðan hins vegar sú að Greiningar- og ráðgjafarstöðin sinnir meðferð, hæfingu og endurhæfingu að mjög litlu leyti. Því vakna strax spurningar um hlutverk og starfssvið fyrirhugaðrar stofnunar og ber að skoða hvoru tveggja í ljósi stefnumótunar í málefnum fatlaðs fólks hér á landi.

### **Yfirlýsing málefna fatlaðs fólks til sveitarfélaga 2011**

Við teljum mikilvægt að skoða hugsanlega sameiningu þessara lykilstofnana sem koma að málefnum fatlaðs fólks í ljósi nýlegra grundvallandi skipulagsbreytinga á stærstum hluta málaflokksins. Hér er vísað til yfirlýsinga málefna fatlaðs fólks til sveitarfélaga árið 2011. Rannsóknasetur í fötlunarfræðum kom að þremur viðamiklum rannsóknum sem snúa að yfirlýsningunni. Rannsóknirnar voru unnar fyrir Velferðarráðuneytið og Öryrkjabandalag Íslands og eru aðgengilegar á vef Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum á <http://fotlunarfraedi.hi.is/skyrslur>. Í rannsóknarvinnunni kom fram að yfirlýsingin reyndist sveitarfélögum mun erfiðari og flóknari en áætlað var. Nú nærri fjórum árum eftir yfirlýsinguna eru sveitarfélögin enn að reyna að fóta sig í þessum flókna og að mörgu leyti viðkvæma málaflokki. Kostnaður við yfirlýsinguna og þjónustuna innan sveitarfélaga hefur reynst mun meiri en gert var ráð fyrir. Annað mikilvægt atriði er að innan sveitarfélaga virðist skorta nægilega þekkingu á málaflokknum og þjónustuúrræðum. Það er því brýnt að bæta úr þekkingu á fjölmörgum þáttum varðandi málefni fatlaðs fólks innan sveitarfélaganna og auka verulega faglegan stuðning og ráðgjöf við starfsfólkið sem hefur tekið málaflokkinn yfir. Sú starfsemi verður að fara fram innan hvers sveitarfélags/þjónustusvæðis til að ná tilskildum árangri.

Ef sett er á laggirnar miðlæg sérhæfð þjónustu- og ráðgjafarmiðstöð og henni ætlað að sinna ráðgjöf við fatlað fólk á öllu landinu má gera ráð fyrir að sveitarfélög telji það ekki lengur þeirra ábyrgð að sinna fötluðu fólki heldur vísi því á hina miðlægu stofnun. Ágreiningur um kostnað og kröfur sveitarfélaga um aukið fé í málaflokkinn myndu ýta undir að sveitarfélög beini fötluðu fólki og fjölskyldum þeirra á miðlæga ríkisstofnun sem veitir alhliða þjónustu. Þetta myndi hafa a.m.k þrennt í för með sér: Í fyrsta lagi væri það í mótsögn við markmiðið

um að fötluð börn og fullorðin fólk fái þjónustu í heimabyggð og þar með draga úr markmiðunum sem sett voru með yfirfærslunni. Í öðru lagi er það, að okkar mati, ekki ásættanlegt og í þversögn við markmið yfirfærslunnar að auka miðlæga sérhæfingu og beina fötluðum börnum og fullorðnu fólk í auknu mæli til höfuðborgarsvæðisins til að fá þjónustu. Og í þriðja lagi, þar sem sveitafélög eru fremur veikburða enn sem komið er varðandi sérhæfða þjónustu þá er líklegt að margt fatlað fólk og fjölskyldur fatlaðra barna leiti á sérhæfða miðstöð.

Af ofangreindu má ráða að við teljum ekki rétt að setja á laggirnar miðlæga stofnun sem á að annast alhliða þjónustu við fatlað fólk og teljum þar að auki að það kunni að ógna viðkvæmri uppbyggingu á þjónustu við fatlað fólk innan sveitarfélaga. Við teldum mun ráðlegra að efla og styrkja sveitarfélögin en að beina orku, sérfræðipækkingu og fjármunum í eina stóra ríkisstofnun. Á vettvangi sveitarfélaga er mikið verk óunnið.

### **Þróun í málefnum fatlaðs fólks**

Undanfarin ár hefur verið ör þróun varðandi málefni fatlaðs fólks sem meðal annars hefur falist í því að leggja niður stórar miðlægar stofnanir af hvaða toga sem er og gera fötluðu fólk mögulegt að búa í sinni heimabyggð og fá þjónustu við hæfi þar. Yfirfærslan til sveitarfélaga er breyting í þessum anda. Réttindi fatlaðs fólks hafa tekið stórstígum breytingum og áhersla á mannréttindi og rétt til samfélagsþátttöku á borð við aðra hefur verið árétuð. Þetta endurspeglast m.a. í nýjum mannréttindasáttmála um réttindi fatlaðs fólks (Samþykktur á allsherjarþingi SP í desember 2006) sem fjallað er um nánar hér að neðan. Ísland hefur undirritað sáttmálann en er eitt örfárri landa sem hefur ekki enn staðfest hann.

Skilningur á fötlun hefur einnig breyst mikið með þróun félagslegra sjónarhorna í stað þess einstaklingsbundna, lækni- og líffræðilega skilnings sem hefur verið ráðandi. Í einstaklingsbundnum skilningi felst að fötlun eða skerðing sé galli á einstaklingnum, afbrigðilegheit sem þurfi að lækna og laga. Félagslegur skilningur beinir hins vegar sjónum að umhverfinu og dregur fram að það er iðulega umhverfið (s.s. óaðgengilegar byggingar, menntakerfi, vinnustaðir, sem og fordómar) sem skapar meiri erfiðleika og hindranir í lífi fatlaðs fólks en skerðingin sjálf. Fjallað hefur verið um þessa þróun í málefnum fatlaðs fólks í íslenskum aðgengilegum ritum á sviði fötlunarfræði, m.a. tveimur safnritum sem ritstýrt er af Rannveigu Traustadóttur og komu út árin 2003 og 2006. Höfundar frumvarpsins virðast ekki hafa þekkingu á þessari þróun og áherslum sem eru undirstaða nútímaþjónustu við fatlað fólk um allan heim. Þess í stað endurspeglar frumvarpið eldri hugmyndir um fatlað fólk. Það er, að okkar mati, ekki viðunandi þegar verið er að setja á laggirnar nýja þjónustumiðstöð fyrir fatlað fólk. Miðstöðin er úrelt strax á teikniborðinu.



## Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks

Í athugasemdum við frumvarpið (IV. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar) er vísað til hins nýja mannréttindasáttmála sem nefndur er hér að ofan, og hefur á íslensku verið kallaður Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks. Unnið er að innleiðingu sáttmálans á vegum Innanríkisráðuneytins og er sú vinna langt komin. Við viljum mótmæla þeim yfirborðslega skilningi á mannréttindasáttmálanum sem birtist í athugasemdum við frumvarpið og misvísandi fullyrðingum um að frumvarpið og sú þjónusta sem þar er áætluð sé í samræmi við sáttmálann og alþjóðaskuldbindingar Íslands.

Eins og segir í 1. grein sáttmálans er markmið hans að vinna að því að tryggja full og jöfn mannréttindi fyrir fatlað fólk. Í 19. grein er kveðið á um réttinn til að lifa án aðgreiningar í samfélaginu og þar er sérstaklega tekið fram (í lið c) „að þjónusta á vegum samfélagsins og aðstaða fyrir almenning standi fötluðu fólki til boða til jafns við aðra og mæti þörfum þeirra.“ Miðlæg sérstofnun er ekki í anda nýs mannréttindasáttmála heldur ýtir þvert á móti undir aðgreiningu fatlaðra barna og fullorðins fólks. Frumvarpið og þjónustan sem þar er boðuð er því ekki í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar að okkar mati og vinnur gegn möguleikum Íslands á að uppfylla kröfur mannréttindasáttmálans.

## Hugtakanotkun og sýn á fötlun

Í 3. gr. frumvarpsins (skilgreining hugtaka) er að finna gamlar og úreltar skilgreiningar á fötlun. Í athugasemdum er vísað til þess að m.a. sé stuðst við núverandi lög um málefni fatlaðs fólks. Við vekjum athygli á að þau lög eru að stofni til frá árinu 1979 og skilgreiningar þar eru því gamlar. Brýnt er að innleiða í lagasetningar nútíma skilning og skilgreiningar í anda nýs mannréttindasáttmála. Ef það er ekki gert verða ákvæði þessa frumvarps úrelt um leið og mannréttindasáttmáli SP verður innleiddur hér á landi.

Fötlun er ekki nákvæmlega skilgreind í mannréttindasáttmála SP en sá skilningur sem þar birtist er félagslegur og leggur áherslu á að fötlun verið til í samspili einstaklings og umhverfis. Í formálsorðum segir í e) lið að ríkin sem eigi aðild að samningi þessum „viðurkenna að hugtakið fötlun þróast og að fötlun verður til í samspili fólks með skerðingar og umhverfis og viðhorfa sem hindra fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra“. Hér er augljóslega hafnað einhliða læknisfræðilegum skilningi.

Í 1. grein sáttmálans Markmið, segir „Til fatlaðs fólks teljast m.a. þeir sem eru með langvarandi líkamlega, andlega eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun og sem verða fyrir ýmiss konar hindrunum sem geta komið í veg fyrir fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra.“ Og í 3. grein Almennar meginreglur (lið d) segir að ein af meginreglum skuli vera: „virðing fyrir fjölbreytileika og viðurkenning á fötluðu fólki sem hluta af mannlegum margbreytileika og mannkyni,“. Það er því ljóst að skilgreiningar frumvarpsins á fötlun og skyldum hugtökum eru langt frá því að vera í anda

nútímahugmynda um fötlun og fatlað fólk. Þetta er einn alvarlegasti ágalli frumvarpsins að okkar mati því þarna er um grundvallarhugmyndir að ræða sem eru óásættanlegar sem grundvöllur að nútímalegri þjónustu við fatlað fólk.

Í 4. gr. mannréttindasáttmálans, Almennar skuldbindingar, segir jafnframt:

Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að tryggja og stuðla að því að öll mannréttindi og grundvallarfrelsi verði í einu og öllu að veruleika fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi vegna fötlunar. Aðildarríkin skuldbinda sig í þessu skyni til: a) að samþykka öll viðeigandi lagaákvæði og ráðstafanir á sviði stjórnslu og aðrar ráðstafanir til þess að innleiða þau réttindi, sem eru viðurkennd með samningi þessum, b) að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar með talið á sviði lagasetningar, til þess að gildandi lögum, reglum, venjum og starfsháttum, sem fela í sér mismunun gagnvart fötluðu fólki, verði breytt eða þau afnumin

Við leggjum eindregið til að þessi ákvæði Samnings SP um réttindi fatlaðs fólks verði lögð til grundvallar nýrri lagasetningu í málefnum fatlaðs fólks. Við teljum það fela í sér mismunun að beina fötluðu fólki í eina miðlæga þjónustumiðstöð og þar með auka á aðgreiningu þess frá samfélaginu. Þess í stað leggjum við til að áhersla verði lögð á að efla þjónustu í heimabyggð og gera fötluðum börnum og fullorðnu fólki mögulegt að sækja þjónustu í sinni heimabyggð á borð við aðra, eins og boðað er í nýjum mannréttindasáttmála.

### **Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna**

Ísland hefur undirritað og staðfest Barnasáttmála SP. Í frumvarpinu er fjallað um grundvallarþjónustu við fötluð börn. Ekki er minnst á þennan sáttmála í athugasemdum við frumvarpið og ekki tekið mið af þeim réttindum sem börnum, líka fötluðum börnum, eru tryggð í þeim sáttmála. Þetta teljum við óviðunandi þegar verið er að þróa þjónustu svo stuttu eftir að Barnasáttmálinn var lögfestur hér á landi. Hafa ber Barnasáttmálann í huga við allar meginbreytingar sem eru gerðar og varða börn og réttindi þeirra – þar með talið fötluð börn.

### **Þjónusta við fötluð börn og fjölskyldur þeirra**

Í fylgigögnum frumvarpsins kemur fram kemur að ekki fylgir aukið fjármagn til sameiningarinnar heldur virðist sem lögin geri ráð fyrir að flytja eigi fé úr þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra til þjónustu fullorðinna. Við teljum þetta varhugavert í ljósi þess að í dag fá sumir hópar fatlaðra barna ekki þjónustu við hæfi og bið eftir þjónustu er fjölskyldum oft löng og erfið. Í dag annar Greiningar- og ráðgjafarstöðin ekki eftirspurn, biðtími hefur lengst síðustu árin og frávísunum fjölgað. Vegna skorts á fjármagni hefur stöðin þurft að þrengja verksvið sitt og sinnir í dag ekki ákveðnum hópi barna sem hún sinnti áður, svo sem

getumiklum börnum á einhverfurófi. Fjölskyldur einhverfra barna virðast síst ánægðar með þjónustuna í dag og virðast þurfa mun öflugri og viðameiri stuðning en í boði er. Fram hefur komið að biðin eftir greiningu yngstu barnanna er allt að því hálf ár og meira en ár þegar eldri börn eiga í hlut. Vissulega væri hentugt fyrir stöku fjölskyldur og forsjáraðila að sækja þjónustu á einn stað í stað þess að fara á milli. Vegna þess hve snertifletir milli stofnanna sem um ræðir eru fáir á þetta einungis við lítinn hóp fjölskyldna.

Við höfum unnið fjölda rannsókna með fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra. Þar kemur ítrekað fram mikilvægi Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar. Að mörgu leyti er hlutverk stöðvarinnar enn mikilvægara eftir að sveitarfélögin hafa tekið yfir málaflokkinn. Tryggja þarf að fötluð börn fái áfram þá þjónustu sem þau fá í dag á Greiningar- og ráðgjafarstöðinni og efla ráðgjafarhlutverk stofnunarinnar við sveitarfélög þar sem þekking og reynsla er takmörkuð.

### Um einstakar greinar frumvarpsins

Auk þess sem þegar er getið hér að framan gerum við sérstaka athugasemd við nokkrar greinar frumvarpsins

Í 4. grein kemur fram skilgreining á verkefnum stofnunarinnar gagnvart einstaklingum og fjölskyldum þeirra. Í athugasemdum (bls. 11) er áréttað að „þótt stofnunin annist eftirfylgni með þeim einstaklingum sem njóta þjónustu hennar felst hún einkum í að styðja sveitarfélögin sem bera ábyrgð á daglegri þjónustu við fatlað fólk, eða eftir atvikum aðra þjónustuaðila, í því að sinna og haga þjónustu sinni á þann hátt að bets hentar hverjum og einum“. Þetta er verðugt verkefni og þarf að tryggja fjármagn og leiðir til að þetta verði gert í raun, öðrum kosti er hætt við að lítið verði um framkvæmd og efndir.

Í 5. grein er fjallað um hjálpartæki og að stofnunin eigi bæði að meta þörf fyrir hjálpartæki og annast innflutning þeirra og sölu. Telja má að ákvæðið sé sett vegna þess að þjónustu- og þekkingarmiðstöðin og Heyrnar- og talmeinafstöðin hafa haft þetta allt á eigin hendi. Okkur finnst almennt varhugarvert að sama stofnunin sjái um mat á þörf hjálpartækja sem og innflutning og sölu. Eins og fram kemur í athugasemd við greinina þá er brýnt að gæta samræmis í greiðsluþátttöku vegna öflunar hjálpartækja fatlaðs fólks og að tryggja jafnfræði.

7. grein gerir ráð fyrir að miðstöðin annist rekstur og umsýslu sérfræðiteymis um aðgerðir til að draga úr beitingu nauðungar sem starfar skv. lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Við vekjum athygli á mikilvægi þess að aðskilja eftirlit með þjónustu frá þeim sem veita þjónustuna. Við teljum að sérfræðiteymið þurfi að tilheyra öðrum aðila, vera sjálfstætt og ekki tengjast fyrirhugaðri þjónustumiðstöð beint.



9. grein gerir ráð fyrir gjaldtöku vegna þjónustu stofnunarinnar við fólk 21 ára og eldra. Heimildin vekur upp spurningar um hvort hér sé verið að stíga skref í þá átt að selja velferðarþjónustu sem hingað til hefur verið gjaldfrjáls?

#### Samantekt:

Af ofansögðu er ljóst að við teljum stofnun stórrar sérhæfðrar miðlægrar þjónustumiðstöðvar ekki farsælt skref í þróun þjónustu við fötluð börn og fullorðin fólk. Í raun teljum við stofnun slíkrar miðstöðvar í mótsögn við þau markmið sem sett hafa verið í þjónustu við fatlað fólk, vinna gegn markmiðum yfirfærslu málaflokksins til sveitarfélaga, ekki vera í anda nýrra hugmynda um þróun þjónustu, ekki í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands, og byggja á gamaldags og úreltum skilningi á fötlun og fötluðu fólk, eins og við höfum rakið nokkuð ítarlega hér að framan.

Af frumvarpinu er ekki ljóst hvaða þjónustu á að bæta við fatlað fólk og hvernig. Í reynd er lítið sem bendir til þess að sérhæfð þjónusta við notendur muni batna til muna heldur virðist sem færa eigi fé úr þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra yfir í þjónustu við fullorðin fatlað fólk. Við efumst stórlega um að hægt sé að auka þjónustu við fullorðin fatlað fólk fyrir það fjármagn sem dugar vart til að veita næga þjónustu fyrir fötluð börn og unglunga í dag. Þar sem ekki er gert ráð fyrir auknum fjárveitingum fáum við ekki séð að miðlæg miðstöð myndi ráða við þá miklu aukningu á þjónustunotendum sem við teljum fyrirsjáanlega. Þetta tengist reyndar því sem við teljum óraunhæfar hugmyndir um rekstrarhagkvæmni og sparnað í tengslum við sameininguna. Við efumst þannig um að fyrirhuguð þjónustumiðstöð skili meiri rekstrarhagkvæmni og árangursríkara starfi og að sameiningin leiði af sér rekstrarhæfari einingu, þvert á móti teljum við að kostnaður kunni að aukast til muna.

Að okkar mati skortir rök fyrir faglegri forsendu sameiningar og fullyrðingunni um að „þjónustan verði aðgengilegri, heildstæðari og því betur sniðin að þörfum viðkomandi“ (bls. 9). Sá faglegi ávinningur sem stefnt er að er ekki vel ígrundaður að okkar mati. Nær væri að bæta samstarf stofnana með vel skilgreindum verklagsreglum, heldur en að ráðast í viðamikla sameiningu eins og hér er lýst. Þótt brýnt sé að samþætta heilbrigðis- og félagsþjónustu við fatlað fólk á öllum aldri þá virðist okkur sem hér séu lagðar rangar áherslur og ekki stefni í farsæla átt.

12. nóvember 2014

Fyrir hönd Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum

Rannsóknaseturinn

Snæfríður Þ. Eðilsson

## Heimildir:

- Dóra S. Bjarnason. (2011). Reynsla foreldra af því að eiga fatlað barn á Íslandi 1974-2007. Í Hrefna Friðriksdóttir, Valborg Snævarr og Þórhildur Líndal (ritstj.), *Heiðursrit Ármanns Snævar* (bls. 69-92) Reykjavík: Bókaútgáfan Codex.
- Innanríkisráðuneytið. (2013). *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks*. Sjá á <http://www.innanrikisraduneyti.is/media/frettir-2013/CRPD-islensk-thyding---lokaskjal.pdf>
- Félagsvísindastofnun og Rannsóknasetur í fötlunarfræðum. (2013). *Fatlað fólk og öryrkjar sem íbúar sveitarfélaga*. Reykjavík: Höfundar.
- Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. (2014). *Flutningur þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga: Mat á yfirfærslu*. Reykjavík: Höfundur
- Félagsvísindastofnun og fleiri. (2011). *Flutningur þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga-kortlagning á stöðu þjónustunnar fyrir flutning*. Reykjavík: Höfundur
- Rannveig Traustadóttir, R., Ytterhus, B., Egilson, S., & Berg, B.(ritstj) (hjá útgefanda). *Childhood and disability in the Nordic countries: Being, becoming, belonging*. Basingstoke: Palgrave Macmillan
- Llewellyn, G., Traustadóttir, R., McConnell, D. & Sigurjónsdóttir, H.B. (ritstj) (2010). *Parents with intellectual disabilities: Past, present and futures*. Chichester: Wiley-Blackwell
- Rannveig Traustadóttir (ritstj.) (2006). *Fötlun: Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasvið*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Rannveig Traustadóttir (ritstj.). (2003). *Fötlunarfræði: Nýjar íslenskar rannsóknir* Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Snæfríður Þóra Egilson og Sara Stefánsdóttir (innsend grein). Reynsla foreldra fatlaðra barna af þjónustu Fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar.